

3. Sp.: Af hverju kom hann inn í heiminn?

Sv.: Það er lögmatl fyrir allar li'audi verur, að þær hljóta að deyja.

4. Sp.: Er það illt að deyja?

Sv.: Nei; eptir því sem til hagar í þessum heimi, mundi allt vera verra ef enginn dauði væri til.

5. Sp.: Gerir hann heiminn ósælli?

Sv.: Nei, sældin er miklu meiri fyrir hann.

6. Sp.: Hvernig stendur á því?

Sv.: Væri enginn dauði til, mundi heimurinn bráðlega fyllast af alls konar skepnum, eigi síður en af mönnum.

7. Sp.: Hvað gerði það til?

Sv.: Ekkert fleira gæti fæðzt, og ekkert fleira notið þeirrar ánægju að lifa. Lífið er líkt veizlu. Ef þeir fyrstu sætu að borðum alla tíð, þá gætu fleiri aldrei að komizt.

8. Sp.: Hvað veldur því, að menn óttast dauðann?

Sv.: Að miklu leyti hinar gömlu kenningar um annan heim.

9. Sp.: Hvað annars?

Sv.: Veikindin og þjáningin, sem honum er samfara.

10. Sp.: Veldur því nokkuð annað?

Sv.: Já; skilnaður við vini.

11. Sp.: Eru þetta veruleg atriði við dauðann?

Sv.: Nei; kvíðinn fyrir ókomna tímanum er að